



**Samkomulag um breytingu og
framlengingu þjónustusamnings um
Reykjalund frá 29. desember 2005.**



Heilbrigðisráðuneytið



REYKJALUNDUR
endurhæfing

**Reykjalundur
endurhæfingarmiðstöð SÍBS**

	Bls.
Samkomulag um breytingu og framlengingu þjónustusamnings.....	3
1. Gildissvið	3
– breyting á grein 1.2	3
2. Forskoðun, meðferð og eftirfylgd á göngudeild	3
– breyting á grein 4.3	3
3. Endurhæfingarmeðferð og magn þjónustu.....	4
– breyting á greinum 5.1.6 og 5.2.1	4
4. Fjármögnun	4
– breyting á grein 8.1 og ný grein 8.5.....	4
5. Gildistími, uppsagnar- og endurskoðunarákvæði	5
– breyting á greinum 17.1 og 17.4	5
 Frumrit samkomulags, staðfesting og kynning.....	 5
 Fylgiskjal 1,	 6
– sem verður fylgiskjal 8 með samningnum: Rekstraráætlun 2009 - 2010.....	6
 Fylgiskjal 2,	 7
– sem verður fylgiskjal 9 með samningnum: Heilaskaðaendurhæfing	7

Samkomulag um breytingu og framlengingu þjónustusamnings

Heilbrigðisráðuneytið, kt. 600169-6109, Reykjavík, hér eftir nefnt verkkaupi og Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS, kt. 680172-0139, hér eftir nefnt verksali, gera með sér svohljóðandi **samkomulag um breytingu og framlengingu þjónustusamnings**, sem undirritaður var 29. desember 2005 um starfsemi Reykjalundar, endurhæfingarmiðstöðvar SÍBS.

Með samkomulagi þessu er gildandi þjónustusamningur framlengdur til 31. desember 2010.

Í þjónustusamningnum frá árinu 2005 er lögð áhersla á aukningu göngudeildarmeðferða og þjónustu við lífshættulega offeita og í samkomulagi þessu á uppbyggingu heilaskaðaendurhæfingar.

Við samninginn bætast tvö ný fylgiskjöl: fylgiskjal 1 um rekstraráætlun Reykjalundar 2009 og 2010, er verður fylgiskjal 8 og fylgiskjal 2 um heilaskaðaendurhæfingu, er verður fylgiskjal 9.

Ákvæði þjónustusamningsins um skyldur samningsaðila m.a. um þjónustu, markmið, gæði og notendur þjónustu gilda í einu og öllu áfram sem og um þetta samkomulag nema sérstaklega sé kveðið á um breytingar, með vísan til greinar 17.3 um niðurstöður viðræðna samningsaðila um endurskoðun á einstaka ákvæðum samningsins eins og hér segir:

1. Gildissvið – breyting á grein 1.2

Grein 1.2 um stjórn Reykjalundar orðist svo:

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS er einkastofnun Sambands íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga (SÍBS) og rekin af sambandinu. Reykjalundur heyrir undir stjórn samtakanna sem kosin er til tveggja ára eftir hvert reglulegt sambandsþing í samræmi við lög samtakanna.

2. Forskoðun, meðferð og eftirfylgd á göngudeild – breyting á grein 4.3

Grein 4.3 um meðferðarfjölda á göngudeild orðist svo:

Á samningstímabilinu skal stefnt að aukningu í starfsemi göngudeildar þannig að í árslok 2010 verði komur á göngudeild allt að 3600 á ári. Fjárframlag til stofnunarinnar er aukið um 15 m.kr. með hækkun rekstrargrunns stofnunarinnar á árinu 2007 til eflingar þessarar þjónustu sbr. gr. 8 um fjármögnun.

3. Endurhæfingarmeðferð og magn þjónustu – breyting á greinum 5.1.6 og 5.2.1

Við grein 5.1.6 um endurhæfingu á taugasviði bætist svohljóðandi málsgrein:

Til uppbyggingar heilaskaðaendurhæfingar skal verksali auka starfsemi á þessu sviði og efla heilaskaðaendurhæfingu með fjölgun í heilaskaðateymi um tvö stöðugildi. Með því verður hægt að veita um 40 sjúklingum að jafnaði heilaskaðaendurhæfingu á ári hverju. Með aukinni starfsemi og uppbyggingu heilaskaðaendurhæfingar verður unnt að hefja fyrr göngudeildarmeðferð þessa sjúklingahóps og minnka þannig líkur á vinnuskerðingu, fjölskylduerfiðleikum og andlegri vanlíðan. Fjárframlag til stofnunarinnar er aukið á árunum 2009 og 2010 með 15 m.kr. framlagi á hvoru ári til eflingar þessarar þjónustu sbr. gr. 8 um fjármögnun. Vísað er til fylgiskjals 9, um heilaskaðaendurhæfingu, með samningi þessum.

Grein 5.2.1 um atvinnulega endurhæfingu, starfsemi og þjónustu sem samningurinn tekur til orðist svo:

Verksali tekur að sér einstaklinga til atvinnulegrar endurhæfingar samkvæmt tilvísun lækna, Tryggingastofnunar ríkisins eða matsteymis á hennar vegum.

4. Fjármögnun – breyting á grein 8.1 og ný grein 8.5

Við grein 8.1 um fjármögnun bætist svohljóðandi málsgreinar:

Vegna samkomulags dags. 5. mars 2009, um breytingu og framlengingu á þjónustusamningnum greiðir ríkissjóður verksala framlag á árunum 2009 og 2010 sem nemur **15 m.kr.** á hvoru ári.

Með framlaginu er leitast við að mæta þörf heilaskaðara fyrir endurhæfingu og byggja upp heilaskaðaendurhæfingu. Að jafnaði munu um 40 sjúklingar njóta endurhæfingar verksala á þessu sviði á ári hverju.

Til kaupa og uppsetningar tölvukerfis til innleiðingar sjúklingaskrákerfis greiddi ríkissjóður verksala **1,8 m.kr.** eingreiðslu á árinu 2008.

Við samninginn bætist ný grein, sem verður grein 8.5 sem orðist svo:

Fjárhæðir í grein 8.1 eru settar fram með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu á fjárlögum og með fyrirvara um að stjórnvöld kunni að ákveða aðrar viðmiðanir við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma. Þannig verður heimilt að gera ráð fyrir aðhaldi eða hagræðingu í rekstri þeirra verkefna sem samningurinn tekur til í sama mæli og hjá öðrum heilbrigðisstofnunum taki stjórnvöld ákvörðun um það við gerð fjárlaga.

4

5. Gildistími, uppsagnar- og endurskoðunarákvæði
– breyting á greinum 17.1 og 17.4

Við fyrstu málsgrein 17.1 bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Með samkomulagi, dags. 5. mars 2009, um breytingu og framlengingu þjónustusamningnum framlengist gildistími hans um tvö ár og sem gildir hann því til 31. desember 2010.


Grein 17.4 orðist svo:

Samningsaðilar ákveða sameiginlega fyrir 1. janúar 2010 hvort stefna skuli að endurnýjun þjónustusamnings. Þjónustusamningurinn er byggður á tilteknum meginforsendum um fjölda sjúklinga á tilgreindum meðferðarsviðum, í atvinnulegri endurhæfingu, með umönnun mikið fatlaðra einstaklinga með heimili á Hlein og á fjölda koma á göngudeild. Verksali vinnur að innleiðingu sjúklingaskráningarkerfis sem ætlað er að bæta skráningu meðferða og annarra upplýsinga, sem eykur möguleika til kostnaðargreiningar. Verkkaupi leggur fram sérstakt framlag til að mæta kaupum og uppsetningu á slíku tölvukerfi með eingreiðslu á árinu 2008 að fjárhæð 1,8 m.kr. Aðilar eru sammála um að nauðsynlegt sé að slíkar upplýsingar liggi fyrir ef af endurnýjun þjónustusamnings verður, þar sem verkkaupi muni krefjast nánari skilgreiningar á umfangi, gæðum og árangri þeirrar þjónustu sem verksala er ætlað að veita.


Frumrit samkomulags, staðfesting og kynning.

Af samkomulagi þessu skulu gerð þrjú samhljóða eintök og telst hvert um sig fullgilt frumrit. Eitt eintak skal vera í vörslu heilbrigðisráðuneytisins, eitt eintak í vörslu Reykjalundar, endurhæfingarmiðstöðvar SÍBS og eitt eintak í vörslu fjármálaráðuneytisins.

Reykjalundi, 5. mars 2009


Heilbrigðisráðherra




F.h. stjórnar Reykjalundar
endurhæfingarmiðstöðvar SÍBS



Staðfest f.h. fjármálaráðuneytis

Fylgiskjöl með samkomulagi þessu eru eftirfarandi og teljast þau hluti þess:

Fylgiskjal 1, sem verður fylgiskjal 8 með samningnum: Rekstraráætlun 2009 - 2010

REYKJALUNDUR endurhæfingarmiðstöð SÍBS

REKSTRARREIKNINGUR, skipt eftir tegundum.	Áætlun 2009	Áætlun 2010
REKSTRARTEKJUR:		
Tekjur samkvæmt þjónustusamningi.....	1.352.900.000	1.352.900.000
Framlag til heilaskaðaðendurhæfingar.....	15.000.000	15.000.000
Tekjur þjálfunar- og göngudeilda.....	17.781.600	17.781.600
Fæðissala.....	8.469.000	8.469.000
Húsaleiga.....	11.460.000	11.460.000
Kostnaðarhlutdeild Hleinar og aðrar tekjur.....	5.385.000	5.385.000
REKSTRARTEKJUR SAMTALS	1.410.995.600	1.410.995.600
REKSTRARGJÖLD:		
Laun og launatengd gjöld.....	1.141.565.797	1.141.565.797
Aðkeypt vinna og sérfræðiþjónusta.....	8.276.859	8.276.859
Lyf.....	19.480.404	19.480.404
Súrefni.....	6.701.000	6.701.000
Aðkeyptar rannsóknir og rekstrarvörur.....	9.552.000	9.552.000
Hjúkrunarvörur og lækningatæki.....	2.828.374	2.828.374
Sjúklingatryggingar.....	1.877.000	1.877.000
Þvottur, hreinlætisvörur, lín og fatnaður.....	10.749.492	10.749.492
Matvæli.....	38.217.101	38.217.101
Sími, prentun, skrifstofuvörur og burðargjöld.....	11.746.020	11.746.020
Rekstur upplýsingakerfa.....	43.644.000	43.644.000
Viðhald tækja og búnaðar.....	7.123.000	7.123.000
Viðhald húsnæðis og lóðar.....	31.369.000	31.369.000
Rafmagn, hiti og fasteignatengd gjöld.....	31.279.000	31.279.000
Akstur, flutnings- og ferðakostnaður.....	6.571.725	6.571.725
Námskeið, tryggingar og annar kostnaður.....	9.852.292	9.852.292
Afskriftir.....	28.608.000	28.608.000
Vaxtagjöld.....	1.926.000	1.926.000
REKSTRARGJÖLD SAMTALS	1.411.367.064	1.411.367.064
REKSTRARTAP	-371.464	-371.464

Forsendur í áætlun 2009 og 2010 vegna þjónustusamnings Reykjalundar og Heilbrigðisráðuneytisins.

- Launaáætlun:
 - Stöðugildafjöldi er yfirfarinn af fjármálastjóra, hjúkrunarforstjóra, yfiriðjuþjálfara og yfirsjúkraþjálfara. Í mörgum tilfellum byggir stöðugildafjöldinn á rekstri ársins 2008.
 - Launagjöld vegna heilaskaðameðferða 15. m.kr. eru inni í áætluninni.
 - Hækkun eftirlaunaskuldbindinga er áætluð 32,4 m.kr. og byggist áætlunin á greiðslu eftirlaunaskuldbindinga í október 2008.
 - Ekki er gert ráð fyrir að kjarasamningar hækki eða lækki frá árinu 2008 heldur verði launakjör starfsfólks óbreytt.
 - **Áætluð niðurstaða hagræðingar í launakostnaði er 63 m.kr.**
- Tekjur og gjöld fyrir utan launagjöld og þjónustusamningstekjur eru áætluð m.v. rauntekjur og raungjöld janúar til og með októbermánaðar ársins 2008 og fyrir nóvember og desember ársins 2007 m.v. 11,5% hækkun á árinu 2008 (verðlagshækkun ársins 2008). Þó er ekki um hreina afritun annarra tekna og gjalda að ræða því farið er yfir hvern einasta bókhaldslykil og metið hvort líklegt sé að tekjurnar og gjöldin endurtaki sig ásamt því að fjármálastjóri metur hvort upphæðirnar á lykklunum séu raunhæfar og gerir viðeigandi leiðréttingar þegar það á við.
- Þjónustusamningstekjur eru áætlaðar m.v. 3. umræðu fjárlaga 2009.
- Tekjur vegna heilaskaðameðferða 15 m.kr. eru inni í áætluninni.
- Stofn til fasteignaskatts er áætlaður að lækki um 10% frá árinu 2008. Það þýðir um 3,0 m.kr. lækkun á fasteignaskatti frá fyrra ári.
- Fasteignaskattur er lækkaður úr 1,32% í 0,88% skv. upplýsingum frá heilbrigðisráðuneyti. Það þýðir 5,3 m.kr. lækkun fasteignagjalda til viðbótar.

6

Fylgiskjal 2, sem verður fylgiskjal 9 með samningnum: Heilaskaðaendurhæfing

Heilaskaðaendurhæfing er þverfagleg starfsemi sem rekin er á göngudeild með viðtölum þar sem unnið er í samvinnu við aðstandendur sjúklings og aðra í umhverfi hans, s.s. heilsugæslu, félagskerfi, skóla, vinnu o.s.frv.

Greiningarmat

Sjúklingar, sem ekki eru með staðfesta greiningu um heilaskaða fá frumgreiningu og fara síðan í greiningarviðtöl eins og þeir sjúklingar sem þegar eru greindir með heilaskaða.

Með greiningarviðtölum eru styrkleikar og veikleikar sjúklings kortlagðir og sett endurhæfingarmarkmið sem innifelur aukna virkni, í samvinnu við sjúkling og aðstandendur.

Þeim sjúklingum sem ekki hentar heilaskaðaendurhæfing en þurfa sérhæfða meðferð er beint í aðra farvegi heilbrigðiskerfisins.

Endurhæfing

Heilaskaðaendurhæfing miðast við að sjúklingur nái þeim markmiðum greiningarmatið leiddu til með fræðslu um heilaskaða, orsakir og afleiðingar; endurhæfingu á göngudeild og hópmeðferð með fræðslu, umræðum, verkefnavinnu og annarri endurhæfingu.

Eftirfylgd


Eftirfylgd heilaskaðateymis á göngudeild er fólgin í skipulögðum stuðningi við sjúkling eftir að hann kemur í sitt eigið umhverfi.

Markmiðið með heilaskaðaendurhæfingu er að bjóða sjúklingum ævilangan stuðning sem er virkur þegar þörf er á þannig að sjálfstæði sjúklings aukist og ofvernd fyrirbyggð. Þannig er veittur samfelldur stuðningur á göngudeild með því að kallað er til það fagfólk sem best á við hverju sinni.

Til nánari umfjöllunar um starfsemi heilaskaðateymis er vísað til „Greinargerðar um þróun nýrrar endurhæfingarmeðferðar fyrir fólk sem hefur fengið heilaskaða“, sem unnin var af heilaskaðateymi Reykjalundar og útgefinn 30. maí 2005 og skýrslunni „Endurhæfing eftir heilaskaða. Starfsáætlun Heilaskaðateymis Reykjalundar árið 2008“ en almennar upplýsingar eru í heilaskaðabæklingi á heimasíðu Reykjalundar frá febrúar 2007, sjá slóðina:

<http://www.reykjalundur.is/media/files/heilaska%C3%B0ab%C3%A6klingur%20-%20endanlegur-lag%C3%A6r%C3%B0ur1%20%202007.pdf>

Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð
SÍBS
Birgir Gunnarsson, forstjóri
270 Mosfellsbæ



HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Vegmúla 3 150 Reykjavík
sími: 545 8700 bréfasími: 551 9165
postur@hbr.stjr.is
heilbrigdisraduneyti.is

Reykjavík 17. apríl 2009
Tilv.: HBR08020154/20.10.01

Efni: Samkomulag um breytingu og framlengingu þjónustusamnings um Reykjalund frá 29. desember 2005

Meðfylgjandi er undirritað eintak Reykjalundar, endurhæfingarmiðstöðvar SÍBS, til varðveislu.

Fyrir hönd ráðherra


Margrét Björk Svavarsdóttir

Fylgiskj.: Undirritað samkomulag um breytingu og framlengingu þjónustusamnings um Reykjalund frá 29.12.2005